



Markaðsstofa Suðurlands

Stjórnarfundur Markaðsstofu Suðurlands

Símafundur 6. febrúar 2012 kl. 10.00 símafundur

Af stjórn eru mætt; Íva, Sigurdís sem ritar fundargerð, Ásbjörn, Gunnar, Anna og Davíð framkvæmdarstjóri MSS.

Undirbúningur vegna aðalfundar

Verið er að vinna ársskýrsluna fyrir aðalfundinn. Finna þarf dag í lok mars til að halda fundinn. Fundurinn verði auglýstur vel, allir aðilar að Mss geti sótt fundinn. Davíð kom með þá hugmynd að vera með góða dagskrá og fá áhugaverða aðila til þess að halda erindi á fundinum og gera þannig meira úr honum. Gæti einnig orðið til þess að fleiri mæti á fundinn. Það sé einnig jákvætt fyrir sýnileika Mss.

Kynningarefni

Gerð ímyndarbæklings – kynningarbæklings

Byrjað er að vinna nýjan kynningarbækling og teaser. Teaser sýnir hugmyndir að ferðum / hringjum um Suðurlandið. Aðilar í Þorlákshöfn sem eru að vinna verkefnið. Fyrstu drög að þessu verkefni ætti að vera tilbúið í byrjun mars. Stefnt á að hafa þetta með á ITB sýninguna. Notum myndir sem við eigum í bæklinginn, erum orðið nokkuð rík að myndum um Suðurlandið.

<http://www.youtube.com/user/SouthIceland>

Nýtt myndband komið á youtube. Framhald að öðru myndmánda sem gert var í fyrra. Sýnir meira svæði fyrir austan, en það svæði hefur farið illa vegna náttúruhamfara. Þetta myndband fer svo í hendur á Katla Geopark. Myndbandið sýnir fallega náttúruna á þessu svæði.

Spuning að gera fleiri svona myndbönd fyrir afmörkuð svæði innan okkar svæðis og setja inná youtube. Getum einnig tekið fyrir ákv greina, t.d hestar, jöklar og fl. Hafa myndböndin stutt og hnitmiðuð.

Sýningar

ITB

Davíð hefur verið boðið að taka þátt í þessari sýningu, verður á bás með Íslandsstofu. Verður þá með að kynna Ísland og suðurland. Þetta eru 2 sýningar, sýning fyrir fagaðila og svo neytendasýning þar sem fólk af götunni kemur að kynna sér ferðamöguleika. Sýningin verður 5. – 11. Mars.

Wildelife – Stokkhólmi

Á sama tíma er sýning Wildlife í Stokkhólmi. Það er neytendasýning í Suður Stokkhólmi. Lögð verður áhesla á Ísland á þessari sýningu. Aðilar sýningarinnar vilja fá Suðurlandið og eitt jökklafyrirtæki á sýninguna. Verið er að ná til fólks sem stunda útivist. Davíð getur verið með Icelandair í bás. Kostnaður um 100 þúsund krónur. Spurning um að reina að komast á báðar sýningar og skipta þessu einhvern veginn niður.

Suðurland í sókn.

Sýningin í Ráðhúsinu. Það þarf að fara vinna þá sýningu og taka ákvarðanir varðandi kostnað og fl.

Suðurland á Menningarnótt

Menningarnótt er 18. ágúst. Þá fáum við höfuðborgarstofu lánaða. Verðum þar með kynningu á svæðinu, fá ferðamálafulltrúa, kynnings og menningarfulltrúa til þess að kynna Suðurlandið. Hugmynd að fá kvæðamenn til að kveða fyrir utan til þess að draga fólk að.

Meðal verkefna í liðnm mánuði

FAM-ferð og kynning í Vestmannaeyjum

Davíð fór til Vestmannaeyja í síðata mánuði. 2 fyrirtæki þar hafa komið í Mss síðan. Mjög góð og ánægjuleg ferð. Mikill áhugi hjá þeim sem eru í Mss að taka á móti fólkinu sem voru í FAM ferðinni. Allt var í boðið ferðaþjónustuaðilana.

Davíð verður aftur á ferðinni í Vestmannaeyjum 14. Febrúar þar sem hann verður með kynningu á Mss.

Niðurstaða Mid-Atlantic

MSS tók þátt í sýningunni Mid-Atlantic. Það var mjög stór og vel heppnuð sýning í ár. 420 kaupendur voru á sýningunni. Á sýningunni fekk Mss bás á mjög góðum stað og var mikill áhugi í að heimsækja básinn. Ánægjuleg og góð sýning. Um 100 manns fóru svo í ferð á vegum Mss um Suðurlandið. Sunnlenskum ferðaþjónustuaðilum stóð svo til boða að kynna sína starfsemi fyrir hópinn á workshop sem haldið var í flugskýlinu á Selfosflugvelli.

Önnur mál

Davíð ætlar að setja á nokkra fundi um Suðurland þar sem hann býður öllum aðilum sem áhuga hafa á Mss að hitta sig og ferðamálafulltrúana sinna svæða. Þar mun fólki gefast kostur á að koma sínu á framfæri til Mss, hvað betur meigi gera, hvað Mss geti gert meira fyrir sína aðili. Fá hugmyndir og skoðanir grasrótarinnar.

Fundi slitið kl 10:45.